

## Landshlutakerfi raforku

Í landshlutakerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við jarðstrengi við lagningu raflína eða endurnýjun eldri lagna, að því gefnu að það sé tæknilega raunhæft og að kostnaður við slíka lausn sé ekki meiri en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu. Í rökstuddum undantekningartilvikum verði heimilt að víkja frá þessari meginreglu, t.d. ef í umhverfismati kemur fram að loftlína sé talin betri kostur út frá umhverfissjónarmiðum.

132 kV jarðstrengur ýmist frá A1 eða A2 að tengivirki við Kirkjuhól fellur að ofangreindri stefnu.

Einnig er vert að hafa í huga að lagning jarðstrengja í háspenntara meginflutningskerfi hefur áhrif á möguleika til að leggja strengi í jörðu á lágspenntara kerfi. Því samræmast þeir valkostir Blöndulínu 3 sem ekki fela í sér jarðstrengskafla betur að þessum hluta stefnunnar, þ.e. þá aukast möguleikar til að fylgja þessari meginreglu um að hægt er að notast frekar við jarðstrengi í landshlutakerfinu, t.d. Dalvíkurlínu 2 og þá öðrum sambærilegum línunum í framhaldinu.

## Samræmi við stefnu um uppbyggingu raforkukerfis

Alþingi samþykkti þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu raforkukerfisins árið 2018. Í kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er fjallað um samræmi þriggja valkosta Blöndulínu 3. Í töflu hér á eftir er farið yfir samræmi þeirra valkosta sem metnir eru í þessu umhverfismati Blöndulínu 3 við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu raforkukerfisins. Þar sem við á er orðalag úr kerfisáætlun nýtt.

**Tafla 1** Í stefnu sjórvalda um lagninu raflína eru til viðbótar stefnuviðmiðum um uppbyggingu meginflutningskerfisins og landshlutakerfisins, tilgreind eftirfarandi sjónarmið sem hafa skal að ð leiðarljósi við uppbyggingu dreifi- og flutningskerfis raforku:

	Valkostir á svæði A		Valkostir á svæði B			Valkostir á svæði C		
Viðmið í stefnu	A1	A2	B1	B3	B4	C1	C1b	C2
<b>Flutningskerfið mæti þörfum raforkunotenda á hverjum tíma (tl.2)</b>	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu	Hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Eykur afhendingaröryggi og afhendingargetu á byggðalínusvæðinu
<b>Tryggja afhendingaröryggi um land allt. Tengja betur lykilsvæði. Eyjafjarðarsvæðið, Vestfirðir og Suðurnes í forgang. (tl.3)</b>	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang	Styrkir afhendingaröryggi á Norðurlandi. Fellur að stefnu um forgang
<b>Skoða hvernig megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti. Ekki línulagnir yfir hálendið. (tl.4)</b>	132 kV jarðstrengur í tengivirki í Varmahlíð.	132 kV jarðstrengur í tengivirki í Varmahlíð.	Um 5 km jarðstrengur við Mælifellshnjúk	Enginn jarðstrengskostur skoðaður á þessari leið.	Um 4 km jarðstrengur þvert yfir Skagafjörð til skoðunar í samræmi við skilmála aðalskipulags.	Um 5 jarðstrengur við Staðarbakka í Hörgárdal.  Um 5 km jarðstrengur við Staðartunguháls.  Rúmlega 2 km jarðstrengur innan þéttbýlismarka við Akureyri til skoðunar.	Um 5 jarðstrengur við Staðarbakka í Hörgárdal.  Rúmlega 2 km jarðstrengur innan þéttbýlismarka við Akureyri til skoðunar.	Rúmlega 2 km jarðstrengur innan þéttbýlismarka við Akureyri til skoðunar.  Um 5 km jarðstrengur við Hóla í Öxnadal.







